

Stjórnarfundur

26. nóvember 2007

Fundargerð

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Mánudaginn 26. nóvember kl. 12.30

Fundarstaður Brekkan Stöðvarfirði / Fjarðabyggð

Mættir eru: Bj.Hafþór Guðmundsson , Ólafur Sigurðsson,Guðmundur Ólafsson,Guðmundur R. Gíslason ,Páll Baldursson,Guðrún Ingimundarsdóttir , Reynir Arnarson og Anna P. Víglundsóttir (varamaður) Forföll boðaði Ólafur Ármannsson . Fjarverandi Diana M. Sveinsdóttir : Framkvæmdastjóri er mættur.

Að loknum, góðum, hádegisverði í Veitingahúsinu Brekkunni var farið á efri hæð þar sem fundur var haldinn.

1. Fundur settur.

Formaður setti fund : Bauð hann stjórnarmenn velkomna sérstaklega varamann Önnu Pálu Víglundsóttir sem mætti í stað Ólafs K. Ármannssonar sem boðaði forföll.Formaður sagði frá því að Ólafur K. stjórnarmaður og Vopnfirðingur hafi orðið fyrir því að verða hálftrar aldar gamall 16. nóvember sl. Eftirfarandi vísu sendi hann félagi Óla í tilefni tímamótanna.

Læðist honum ellin að

því ekki verður leynt.

Aldrei næ ég upp í það

Hve Óli stækkar seint. (B.H.G)

Sagðist formaður nú þurfa að bæta um betur og bað Önnu Pálu að færa afmælisbarninu” lítilræði” frá stjórninni með þakklæti fyrir vel unnin stjórnarstörf.

Anna Pála tók við “lítilræðinu” og sagðist mundu koma því heilu til eiganda.

Var nú gengið til fyrirbyggjandi dagskrár.

2. Fundargerð framkvæmdaráðs SSA 24. okt. 2007.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

G.R.G upplýsti að með vísan til umræðu á síðasta framkvæmdaráðsfundi um samskipti sveitarstjórna Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs hafi hann teki málið upp í bæjarráði Fjarðabyggðar.

3. Frá Landshlutasamtökum.

3/1 Eyþing stjórn 186. fundur 5. okt. og 187. fundur 12. okt.

Lagt fram til kynningar :

3/2 Eyþing : Frumvarp til skipulagslaga .

Framkvæmdastjóri sagði að sveitarfélögin þurfi að vera vakandi varðandi þá vinnu sem er í gangi um skipulag og leikreglur sem þar eiga að gilda. Hann segist taka undir að skipulagsvaldið sé einn af grunnþáttum í sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga og gerð skipulagsáætlana er um leið eitt mikilvægasta verkefni þeirra og verkfæri.

Það er hinsvegar vandmeðfarið verkfæri og nauðsynlegt að í skipulagsvinnu á öllum stigum verði ,samvinnu, samræmis og sanngirnis gætt upp úr og niður úr.

3/3 Fundur formanna og framkvæmdastjóra R.vík 5. og 6. nóv.

Formaður sagði frá fundunum sem voru í tengslum við fjármálaráðstefnuna sem fram fór sömu daga. Helst var rætt um samskipti ríkis og sveitarfélaga ,jöfnunarsjóð og tekjustofna. Hann upplýsti að nú væri SSA með forystu í samstarfi landshlutasamtakanna 2008 og árlegur sumarfundur verður því á Austurlandi .

<!--[if !supportLists]-->4. <!--[endif]-->**Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga .**

4/1 Fundargerð stjórnar 747. fundur 19. okt. og 748 fundur 16. nóvember.

Í fundargerð 747. fundur voru umræður um 5. lið Niðurstöður starfshóps um flutning innheimtustofnunar sveitarfélaga og 8.lið Störf og starfsemi stjórnar sambandsins(v/ bréf SSA frá 10. okt. sl.)

Varðandi 5. lið tjáðu allir stjórnarmenn sig og ítrekuðu að þeir litu svo á að hér væri um “prófmál” að ræða hjá stjórninni. Varðandi bókun stjórnar Sambandsins í 8. lið þar sem hún samþykkir að heimsækja alla landshluta, til milliliðalausra skoðanaskipta , eins og segir í samþykktinni, þá lýsir stjórn SSA yfir ánægju með viðbrögð stjórnar Sambandsins sem eru viðbrögð hennar við bréfi /greinargerð framkvæmdastjóra SSA til Sambandsins 10. okt. sl.

(sjá bókun á fundi framkvæmdaráðs 24. okt. sl. liður 6.)

Framkvæmdastjóri upplýsti að Þórður Skúlason hafi hringt og óskað eftir að stjórn S.Í. Sv komi til fyrsta fundar á Austurlandi föstudaginn 7. des. nk.

Í fundargerð 748 voru umræður um lið 3. Úthlutun aukaframlaga úr jöfnunarsjóði og lið 5. Niðurstöður starfshóps um flutning Innheimtustofnunar.

Liður 3 . Bj.H.G.-P.B-Ó.S sögðu þeir frá upplifun sinni af störfum eftirlitsnefndarinnar ,svonefndri, en nauðsynlegt er að endurskoða og skipuleggja hennar hlutverk segja þeir félagar.

R.A. sagði að svo virtist sem sveitarfélagið Hornafjörður passaði vel inn í reiknireglur jöfnunarsjóðsins nú miðað við úthlutun framlaga. En Hornafjörður fékk langhæstu framlög sveitarfélaga á Austurlandi við úthlutun nú . P.J. sagði að reiknireglurnar falli mis vel að sveitarfélögum. Í því felst mismunun . Mörg þriðjudeildar sveitarfélögin á landsbyggðinni telja sig bera skertan hlut frá því borði. Spyrja má t.d, hvort rétt sé að skoða einungis sveitarsjóðina , en vitað er að mörg sveitarfélög eiga verðmætar og vel seljanlegar eignir í t.d. orkufyrirtækjum , löndum, og fjármálafyrirtækjum sem ekkert tillit er til tekið þegar jafna á út framlögum .

Liður 5: Stjórn SSA fagnar niðurstöðu stjórnar og hvetur hana til að láta verkin tala:

4/2 Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 5.-6. okt sl.

Stjórnarmenn létu almennt vel af ráðstefnunni og þökkðu formanni góða ræðu sem hann flutti þar.

4/3 Hagfræðistofnun Háskóla Íslands okt sl. Áhrif aflasamdráttar í þorski.

Í umræðum kom fram að áhrifanna komi til með að gæta mest á kvótaárinu 2008-09.

R.A sagði frá þeim mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar sem birtar hafa verið og varða sérstaklega sveitarfélagið Hornafjörð. ÓS- Bj.H-P.Bog G.RG sögðu að ekki væri að sjá í þeim áðgerðum sem boðaðar hafi verið að þær komi til móts landverkafólks og sjómenn. Í smærri sjávarplássum getur staðan orðið mjög alvarleg síðari hluta næsta árs.

<!--[if !supportLists]-->5. <!--[endif]-->**Þingmanna viðtöl 25. okt. sl. Er breytinga þörf ?**
R.A.og G.I sögðu frá fyrirkomulagi þingmanna Suðurlands á heimsókn og viðtöl til Hornafjarðar. Ekki er talað um breytingar að þau viti til.

Stjórnarmenn aðrir sammála um að æskilegt sé að lengja viðtalstíma am.k “stærri” sveitarfélaga og því megi ná með því að sveitarstjórnir einar hafi aðgang að þingmönnum á þessum viðtalsdögum. Viðtöl og heimsóknir til fyrirtækja og stofnana verði þá utan viðtalstíma sveitarstjórna. Einnig kom fram gagnrýni á að ekki voru allir þingmenn viðstaddir viðtöl hjá öllum sveitarstjórnnum þó vitað væri að þeir voru á staðnum.

6. Árgjöld aðildarsveitarfélaga SSA 2008.

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirliggjandi útreikning ,sem gerir ráð fyrir 3% hækkun milli ára (samþykkt aðalf. SSA) Skatttekjur aðilda sveitarfélaga samkvæmt árbók sveitarfélaga hafa hækkað alls um 30/% milli ára 2005 og 2006 . Hækkunin er mest í Fjarðabyggð eða um 60 %.

Stjórn SSA samþykkir framlagðan útreikning framkvæmdastjóra á árgjöldum aðildarsveitarfélaga til SSA á árinu 2008.

7. Staða verkefna .Minnisblað framkvæmdastjóra til stjórnar 26.11.07.

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um stöðu verkefna sem SSA tengist :

Sv.s . Samstarf SSA og ÞFA- Eftirfylgnisteymi SSA , Svona gerum við – Verkefnisstjórn - Meðferð og úrvinnsla úrgangs á Austurlandi –Starfsendurhæfing Austurlands-Söguritun S.G.-

Samþætt áætlanagerð á norðlægum jaðarsvæðum – Helstu nefndir og ráð sem framkvæmdastjóri situr í og starfar fyrir SSA .

Einnig sagði hann frá því helsta sem er að gerast hjá Þekkingarneti Austurlands .

Formaður þakkaði framkvæmdastjóra fyrir upplýsingarnar.

Umræður urðu m.a. um ÞFA og störf stjórnar þar. R.A og G.Ó sem eru í stjórn ÞFA munu taka málið upp á næsta stjórnarfundi þar.

8. Bréf og önnur erindi sem borist hafa .

8/1 Þróunarfélag Austurlands Stefán Stefánsson 03.11.07

Upplýsingar: Vöktunarverkefni Austurlands .

8/2 Upplýsingar Hjalti Jóhannesson : Vöktunarverkefnið 05.11.07

Bréf Þróunarfélagsins og upplýsingar Hjalta varða stöðu Vöktunarverkefnisins , en stjórn SSA og aðalfundur SSA hefur gagnrýnt framgang verkefnisins.

Framkvæmdastjóri Þróunarfélagsins Stefán skrifar og upplýsir f.h stjórnar verkefnisins um tilgang og framvindu þess og telur hann að gagnrýni SSA á t.d sýnileika verkefnisins og vöktun sé á misskilningi byggð. Hann segir verkefnið unnið samkvæmt upphaflegri verkáætlum og markmiðum.

Stjórn SSA þakkar bréfitara upplýsingarnar en minnt er á fund framkvæmdastjóra SSA með bréfitara, form. verkefnisstjórnar og fulltrúa RHA á skrifstofu ÞFA á Egilsstöðum í janúar 2007 þar sem farið var ítarlega yfir verkefnið ,stöðu þess og framgang.

8/3 Seyðisfjarðarkaupstaður 29.10. Afgreiðsla á erindum frá SSA .

Lagt fram til kynningar.

8/4 Samráðsvettvangur minni sveitarfélaga.

Formaður sagði frá því að borist hafi afrit bréfs 21. nóv.undirritað af bæjarstjóra Bolungarvíkur og sveitarstjóra Skagastrandarhrepps þar sem þeir boða til samráðsfundar minni sveitarfélaga (undir 1000 íbúar) 17. des. nk. í Reykjavík.

Bréfinu fylgdi greinargerð vegna úthlutunar jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á sérstöku 1.400 m.kr. aukaframlagi .

Þar sem vinna er í gangi hjá samstarfshópi sveitarstjórna (Djúpvogur-Breiðdalshreppur-Seyðisfjörður-Borgarfjörður og Vopnafjörður) um stöðu þeirra og framhalds-viðræður framundan við Byggðamálaráðherra leggur formaður til að hópurinn samræmi vinnu sína og fund hjá ráðherra, boðuðum fundi 17. des. nk.

Jafnframt upplýsti formaður að stefnt væri á fund í samstarfshópnum í næstu viku.

9. Önnur mál.

. 9/1 Form. og Framkvæmdastjóri í Reykjavík 3. des.

Formaður upplýsti að hann ásamt framkvæmdastjóra verði í Reykjavík mánudaginn 3. des. nk. þar sem þeir eigi viðtöl við Umhverfissráðherra-menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra til að fylgja eftir samþykktum aðalfundar SSA . Einnig munu þeir hitta þingmenn en lokaspretturinn í fjárlagagerðinni er framundan .

9/2 Starfsstöð framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs .

R.A dreifði minnisblaði bæjarráðs Hornafjarðar dags. 9. nóv. þar sem færð eru rök fyrir því að starfsstöð framkvæmdastjórans eigi að vera á Höfn.

Í umræðum stjórnarmanna kom fram að frumkvæði og dugnaður sveitarstjórnar Hornafjarðar varðandi stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er viðurkennd. Verkefnið hefur þróast á síðustu 2- 3 árum frá því að vera í upphafi , stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli og jökulhetta Vatnajökuls í að verða stærsti þjóðgarður í Evrópu sem tekur nú yfir mun stærra landsvæði allt norður í Skálafandafljót.

(G.Ó) Átta sveitarfélög eiga land í eða að Þjóðgarðinum þar af þrjú á Austurlandi. Stjórn hefur nú verið sett yfir þjóðgarðinn sem er að hefja sín störf og m.a að vinna með skipan þessara mála. Mikið atriði er að sátt verði sem mest um störf stjórnarinnar því hér er um vandasamt verkefni að ræða þar sem .m.a takast á landnýting og verndun. Æskilegt er að starfsstöð framkvæmdastjóra verði á Austurlandi .

9/3 Vöktunarverkefnið kynningarfundur 3. des. nk.

Kynningarfundur verkefnisins er boðaður 3. des. nk. á Hótel Héraði.

9/4 Næsti stjórnarfundur SSA 7. des. nk.

Framkvæmdastjóri minnti á að stefnt er á stjórnarfund 7. des. nk. í tengslum við boðaða komu stjórnar S.Í.Sv. til Austurlands.(sjá 4/1)

9/5 Kjör aðildarsveitarfélaga á aðalfund SSA.

G.R.G.telur rétt að endurskoða kjör fulltrúa á aðalfundi SSA þ.e.fjölga aðilum sem kjósa má sem fulltrúa. Nefndi hann sem dæmi að Fjarðabyggð eigi nú rétt á 16 fulltrúum og miðað við núgildandi reglur er erfitt að manna þann fulltrúafjölda .Hann tekur fram að hann vill ekki fækka heildarfjölda fulltrúa sem rétt eiga til setu á aðalfundum SSA heldur víkka út heimildina um kjörið. Formanni og framkvæmdastjóra falið að skoða málið.

Hér var dagskrá tæmd og formaður sleit fundi kl. 14.55.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson.

P.S. Að stjórnarfundum loknum hófst Aðalfundur Héraðsnefnda Múlasýslna